

Mál nr. 1/2011

K.Hlíðarendi gegn Léttir

Dómkröfur

Kærandi óskar þess úrslitum leiks KH – Léttis verði breytt úr 3-4 í 3-0 fyrir KH.

Málavextir

Leikmaður Léttis nr 1 á skýrslu, Gísli Karl Ingvarsson, hefur ekki keppnisleyfi fyrir Létti heldur ÍR, skv heimasíðu KSÍ þann 10.05.2011 en hann fékk félagsskipti yfir í ÍR þann 06.11.2009

Tilvísun

Samkvæmt lögum KSÍ þarf leikmaður að vera skráður í aðildarfélag í samræmi við reglugerð KSÍ. Ber þar að nefna greinar 5.12 og 34b.

Í grein 3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kemur fram að hlutgengir eru þeir leikmenn sem hafa keppnisleyfi skv reglugerð KSÍ en keppnisleyfið er heimild leikmanns til þátttöku í opinberum knattspyrnuleik.

Í reglugerð KSÍ um félagsskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga kemur fram að leikmaður þurfi að hafa keppnisleyfi til að vera hlutgengur. Sjá m.a. kafla II.

Umræddur leikmaður er skráður í annað aðildarfélag sem átti ekki aðild að umræddum leik.

Röksemdir

Léttir lék með leikmann sem er sannarlega skráður í annað aðildarfélag.

Sönnunargögn

Með fylgir útprentun af leikskýrslu og útprentun af félagsskiptaferli.

Virðingarfyllst,

f.h. K.Hlíðarenda

Atli Már Heimisson

Greinargerð Léttis

Hið kærða félag knattspyrnudeild Léttis mun ekki halda uppi neinum sérstökum vörnum í máli sem KH hefur sett fram á hendur knattspyrnudeild Léttis varðandi leik KH-Léttis 04.05.2011 í Valitor bikar karla.

Því miður áttu sér stað mannleg mistök af hálfu forráðamanna Léttis sem komu að umræddum leik, þegar þeir fengu Gísli Karl Ingvarsson leikmann ÍR og fyrrum leikmann Léttis til liðs við sig 4 tímum fyrir leik. Þegar kærán barst til forráðamanna Léttis, þá fyrst urðu menn varir við þau mistök sem áttu sér stað. Knattspyrnudeildin hefur reynt að finna ástæður fyrir þessu atviki og um leið að leiðir til þess að slíkt geti ekki átt sér stað aftur.

Forsagan að málinu hefur langan aðdraganda og því viljum við fá að útskýra okkar hlið á þessu leiðinda máli og um leið komast að sátt við KH og auðvitað Hamar sem við höfum mætt í millitíðinni. Við viljum þó taka það fram að í leik Léttis og Hamars var fullkomlega löglegt lið sent til leiks þar sem nýr markvörður kom til sögunnar og spilaði þann umrædda leik.

Vorið 2009 tekur meistaraflokksráð ÍR og Halldór Þ. Halldórsson yfir umsjá með meistaraflokki Léttis. Það sumar er Gísli Karl Ingvarsson fengin til liðs við Létti vegna markmanns vandræða rétt fyrir lok félagsskiptagluggans. Á þeim tíma er hann einungis í 2.flokki karla og gat því spilað með ÍR-Létti í 2.flokki og meistaraflokki Léttis á sama tíma. Gísli Karl fær leikheimild með Létti rétt fyrir lok félagsskiptagluggans og klárar tímabilið það ár. Þegar knattspyrnutímabilinu 2009 lauk rennur samstarfssamningur Léttis og ÍR út þann 31.september. Gísli Karl spilar síðan með 2.flokki ÍR í haustmóti KRR seinna um haustið. Við fengum tilkynningu frá KSÍ að viðkomandi einstaklingur/ar sem skráðir væru í Létti yrðu því að fara aftur í ÍR til þess að þeir hefðu leikheimild í haustmótinu. Þegar sú tilkynning barst, þá voru þeir allir látnir skrifa undir félagaskipti og fengu því aftur leikheimild með ÍR. Í byrjun 2010 var ákveðið að halda þessu samstarfi áfram þar sem við töldum að það væri virkilega að skila okkur góðu starfi og koma í veg fyrir brottfall efnilegra leikmanna frá ÍR ættu sér stað. Gísli Karl Ingvarsson spilaði ekkert, né æfði með Létti keppnistímabilið 2010 og var því næstum með öllu gleymdur.

Leikur Léttis og KH átti að fara fram sunnudaginn 1. maí en 28.apríl hringdu forráðamenn KH í okkur og óskuðu eftir breytingu á leiktíma eða jafnvel leikdegi. Því miður gátum við ekki orðið við þeirri ósk því við vissum að markvörður félagsins mundi ekki geta tekið þátt í leiknum ef að leikurinn yrði færður, þar sem hann fór erlendis næsta dag. Leikurinn átti því að fara fram sunnudaginn 1.maí síðastliðinn. Því miður vegna veðurs þá varð að fresta leiknum til miðvikudagsins 04. maí og þá vissum við að við yrðum að fá annan markvörð til liðs við okkur. Þá var farið í það að láta Ásgeir Kára Ásgeirsson leikmann meistaraflokks ÍR á samning og lána til Léttis þriðjudaginn 03. maí. Því miður þá gengu þau tímabundnu félagsskipti ekki upp vegna formgalla. Þjálfari liðsins hafði því ekki marga möguleika í stöðunni og varð því að hugsa hratt hvað væri hægt að gera. Hann mundi að Gísli Karl hafi staðið í markinu fyrir Létti áður og ákvað að hringja í hann og spyrja hann hvort hann gæti komið í leikinn. Því miður gerði Gísli Karl ekki grein fyrir því að honum hafi verið skipt aftur yfir í ÍR haustið 2009, en hann var sjálfur einnig búinn að steingleyma því. Því fór sem fór.

Við hörmum þetta virkilega þar sem að við vitum að þessi yfirsýn geti kostað okkur að úrslitum leiksins verði breytt og við föllum úr keppni Valitor-bikarsins eftir annars ágætan árangur. Við vonumst til þess að Aga og úrskurðarnefnd taki tillit til þessara ástæðna og að ekkert hjá okkur hafi verið gert vísvitandi til þess að vinna leikinn gegn KH með ólöglegum hætti. Við vonumst til að Knattspyrnusamband Íslands taki tillit til þessara mistaka og reyni með öllum hætti að koma okkur frá sektum sem geta hlotist af þessu.

Fyrir hönd Knattspyrnudeildar Léttis

Halldór Þ. Halldórsson yfirþjálfari knú ÍR og (framkvæmdarstjóri/umsjónarmaður) með starfi Léttis.

Úrskurður aga-og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2011, fimmtudaginn 12. maí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði I. Halldórssyni, Gunnari Guðmundssyni og Halldóri Frímannssyni.

Fyrir er tekið mál nr. 1/2011:

K. Hlíðarenda

gegn

Knattspyrnudeild Léttis

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

K. Hlíðarenda, kt. 440403-2390.
Hlíðarenda,
101 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Andri Már Heimisson.

Kærði:

Knattspyrnudeild Léttis, kt. 580594-2479.
Skálagarði 5,
108 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Halldór Þ. Halldórsson.

Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 10. maí sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 12. maí sl. Greinargerð kærða er dagsett 12. maí 2011.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks K Hlíðarenda (hér eftir KH) og Léttis í meistaraflokki karla, Valitor bikarnum, sem fram fór miðvikudaginn 4. maí 2011, verði breytt og KH dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna.

Kærði hefur viðurkennt að hafa teflt fram ólöglegum leikmanni og gerir þ.a.l. ekki athugasemd við kærana. Í greinargerð kærða kemur fram að um hafi verið að ræða mannleg mistök, sem kærði biðst afsökunar á og fer jafnframt fram á að ekki verði beitt sektum gagnvart kærða.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik KH og Léttis í meistaraflokki karla, Valitor bikarnum, þann 4. maí sl., hafi einn leikmaður Léttis, Gísli Karl Ingvarsson, verið ólöglegur þar sem hann hafi verið skráður í lið ÍR.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 5.12 og 34 b í lögum KSÍ um að leikmaður skuli vera skráður í aðildarfélag í samræmi við reglugerð KSÍ. Þá vísar kærandi til gr. 3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót um hlutgengi leikmanna.

Eins og áður segir þá hefur kærði viðurkennt brot sitt.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn KH þann 4. maí 2011 í meistaraflokki karla, Valitor bikarnum.

Fyrir liggur í gögnum málsins að leikmaður Léttis í umræddum knattspyrnuleik þann 4. maí 2011 var skráður leikmaður annars liðs þegar hann spilaði með liði Léttis. Með því telst hið kærða félag hafa verið ólöglega skipað og þar með brotið gegn ákvæðum 40. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, KH, er dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna þann 4. maí 2011 í meistaraflokki karla, Valitor bikarnum.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

V..

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik KH og Léttis í leik liðanna þann 4. maí 2011 í meistaraflokki karla, Valitor bikarnum, er breytt og KH dæmdur 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, knattspyrnudeild Léttis, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður I. Halldórsson (sign.)

Gunnar Guðmundsson (sign.)

Halldór Frímannsson(sign.)